

Nei.

DAGBLAÐ ÍRÍKI SJOPPUNNAR. nr. 2 fös 17. okt. 2008.

HÉR ER ÞÖGN, UM ÞÖGGUN, FRÁ VÖGGU TIL GRAFAR

„Síðasta mánudag stundaði ég sjálfsritskoðun. Þegar Geir Haarde endaði ávarp sitt á „Guð blessi Ísland“ guggnaði ég með kökk í hálsi því þó ég sé mjög mjög mjög neikvæður þá er ég með vott af samvisku og gerði því meira uppörvandi mynd í snatri. Þessi birtist því bara hér á fésbókinni.“ Þetta skrifaði Halldór Baldursson skopmyndateiknari á Facebook reikninginn sinn, og það á meðan stærstu dagblöðin í landinu voru þó að forminu til óháð hvort öðru. Á Facebook birti Halldór myndina. Þar hrærir forsætisráðherra í pottum.

Einari Má Guðmundssyni var vikið frá sem pistlahöfundur í þætti Sigmundar Ernís Rúnarssonar á Stöð 2 vegna harðorðs pistils um íslenska baróna. Sigmundur segir að þetta geti ekki verið satt, enda ætli hann bráðlega að taka viðtal við Björn Bjarnason í þættinum – !



DV reynir að flytja fréttir af kreppunni, en fréttaflutningur blaðsins takmarkast annars vegar af einstaklingshyggjubundnum skilningi, hins vegar hefur blaðamaður heyrst segja að meira að segja þar hafi ritstjórn ákveðið að sýna þá „samfélagslegu ábyrgð“ að segja ekki of neikvæðar fréttir nú í tvær vikur eða svo.

BROTNAR RÚÐUR, ÍTOGUÐ BINDI

Aðfaranótt laugardags toguðu tveir ungir pönkarar í bindi ungra manna í jakkafötum, spurðu hvort þeir hefðu verið þjóðnýttir og hlógu að þeim. Mennirnir í jakkafötunum voru að sögn vitna forviða en brugðust ekki illa við.

Þá segja heimildamenn að gluggar hafi verið grýttir og einhver skemmdarverk unnin í Reykjavík, í reiðiviðbragði við efnahagsástandinu: Grjóti hafi verið kastað í glugga nýbyggingarinnar sem þekkt er sem dauðastjórnubyggingin, beint á móti Borgarbókasafninu í miðbæ Reykjavíkur. Þá herma óstaðfestar sögur að skömmu eftir tilkynningu um þjóðnýtingu Glitnis hafi gluggar verið brotnir í húsi Glitnisútibúsins við Lækjargötu. Dagblöð og aðrir fréttamiðlar hafi hins vegar litið á það sem hlutverk sitt að greina ekki frá skemmdarverkunum, enda er ábyrgðarhlutur að segja almenningi frá því sem gerist í samfélaginu.

GREININGARDEILDIN

„Í stað þess aðgerðarleysis sem nærir ástríðurnar, kom vinnan sem bælar þær. [...] Og fyrstu orð [norrænna manna] voru ekki „elskaðu mig“ heldur „hjálpðu mér.“

Jean-Jacques Rousseau um uppruna norrænna tungumála, lausleg þýðing úr *Essai sur l'origine des langues* (1781).

VEÐRIÐ ÞJÓÐERNISDULD SÆKIR Á LANDIÐ. ÓUPPGERÐ UPPGERÐ OG LYGI VÍÐAST HVAR. AFNEITUN UM HELGINA VESTAN TIL



nski fáninn blaktandi við hún á bergi. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

pp rísi þjóðlíf!

Í Fréttablaðinu í gær mátti lesa eftirfarandi: „Ekkert er þjóðlegra né vekur með þjóðinni jafnmikinn samhug og geðshræringu og íslenski fáninn í tignarlegu og rammíslensku umhverfi Þingvalla. Þegar tækifærum til ferðalaga fækkar, en nauðsyn er að blása þjóðarstolti í brjóst landsmanna eftir ósanngjarna ágjöf svokallaðra „vinabjóða“, er fátt jafn-yndislega upplifgandi og haustlitaferð á helgasta stað landsins. Eftir léttu göngu um Almannagjá, magnaða litadýrð og jarðfræðiundur þjóðgarðsins er blátt áfram dásamlegt að tylla sér niður í hreinu, íslensku lofti, undir fagurlitum þjóðfánanum, með heitt kóko úr íslensku súkkulaði og rjóma á brúsa, flatkökur með hangikjöti, harðfisk, ástarpunga og sultuborna lagertu undir svanga tönn.“ Þessa þjóðernissturlun mætt að einhverju leyti afsaka með því að hún birtist í sérkálfi um íslenskar vörur – en textinn var hins vegar skrifaður af blaðamanni og birtist sem efni, ekki auglýsing.

– OG SÓLSKIN Á FORSIÐUM!

KREPPUTJÚTTIÐ

NÚ ERTÍMINN Krafa: Davíð Oddssyni verði vikið frá störfum. Lau 18. okt. Austurvöllur kl. 15. nyirtimar.com HUGSPRETTA |þrótaálfurinn, forsetinn og stofnandi OZ leiða stefnumótun með ungu, jákvæðu fólki. Lau 18. okt. Háskólabíó kl. 11. Finnst á Facebook. ÞJÓÐINA Í TAKT Til að „standa saman og fagna lífinu sem ein þjóð“. Spaugstofan leiðir trommuslátt. Fös 17. okt. Ingólfstorgi kl. 17. practical.is

GÆSLAN „Á Íslandi hefur fjölmiðlun alveg brugðist [...] það sem meira er: fjölmiðlar og glanstímarit reyndu allt sem þau gátu til að gera ljóta menn sexí!“ segir Pétur Tyrfinngsson á Eyjunni. Ef litið er yfir sögu bankanna frá einkavæðingu til hruns, að meðtöldum breytingum á fasteignaverði, gengi gjaldmiðla, höfuðstól lána og vöxtum, hversu stór eignatilfærsla hefur þá átt sér stað, hvaðan og hvert? Sú mýta fær nú að vaxa og dafna að hér sé þjóðin öll saman lent í góðsögn „heljarbyl“, gott ef hann barst ekki til okkar frá einhverju meginlandinu, þegar raunin virðist heldur vera nær því sem Pétur Tyrfinngsson lýsir: „Nú eigum við öll að greiða skuldir Björgólfsfedga, Bónusfedga og annarra gróðarpunga. Það mun hafa áhrif á einkalíf okkar. En einkalíf þessara manna og kvenna mun ekki breytast neitt. Þeir munu hafa alveg það sama í matinn á þriðjudegi og áður. Við hin kaupum kjótfars á tilboði þann dag í stað dýrindis saltfiskréttar“ eyjan.is/goto/peturty/